

AUGLÝSING

um breyting á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007,
með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. starfsreglnanna:

Í eftirtöldum prestaköllum falla brott ákvæði um prestssetur hinn 1. desember 2018.

Kjalarnesprófastsdæmi.

Grindavíkuprestakall.

Vesturlandsprófastsdæmi.

Hvanneyrarprestakall.

Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi.

Sauðárkróksprestakall.

Þingeyraklaustursprestakall.

Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi.

Húsavíkuprestakall.

Austurlandsprófastsdæmi.

Norðfjarðarprestakall.

2. gr.

Greiðsla húsaleigustyrkja á grundvelli 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum, fellur niður. Greiðsla húsaleigustyrkja til þeirra presta sem styrkgreiðslna njóta við gildistöku starfsreglna þessara fellur brott eigi síðar en 1. desember 2019. Láti prestur af embætti eða fái heimild til að búa utan prestakalls fyrir 1. desember 2019 fellur skylda til að leggja til prestssetur í prestakalli brott.

3. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

Reykjavík, 13. nóvember 2018.

Drífa Hjartardóttir forseti kirkjuþings.

B-deild – Útgáfud.: 28. nóvember 2018